

Nd.

159. Nefndarátt

um frumvarp til laga um breyting á lögum nr. 56, frá 15. júní 1926, um notkun bifreiða.

Frá allsherjarnefnd.

Allsherjarnefnd er sammála um að mæla með því, að frumvarpið nái fram að ganga, en vill á því gera þær breytingar, að frumvarpsgreinin verði feld inn í 4. gr. l. nr. 56 frá 1926, að atvinnumálaráðherra ráði því, hvort skipaður sje einn skoðunarmaður bifreiða, sem hafi þetta að aðalatvinnu, eða fleiri, sem hafi það að aukaatvinnu, að inn í sje bætt ákvæði um takmörkun farþegatölu í bifreiðum til mannflutninga.

Ennfremur vill nefndin hækka ábyrgðartrygginguna í 17. gr. allverulega, þar sem sýnt þykir, að hún sje alt of lág, og fer nefndin þó ekki lengra en svo, að tilsvarendi tryggingarupphæð í Noregi er helmingi hærri.

Einn nefndarmaður (J. Kj.) hefir nokkra sjerstöðu; einkum telur hann sig vera mótfallinn hækkun ábyrgðartryggingarinnar.

Nefndin leggur til, að frumvarpið verði samþykkt með svofeldum

BREYTINGUM :

1. Frumvarpsgreinin verði 1. grein og orðist þannig:

4. gr. laganna skal orða svo:

Sjerhver bifreiðareigandi skal senda lögreglustjóranum í því umdæmi, sem hann er búsettur í, tilkynning um bifreið sína, áður en hún er tekin til notkunar. Skal lögreglustjóri síðan láta fara fram skoðun á vagninum. Ef vagninn samkvæmt skoðuninni fullnægir ákvæðum þessara laga og þeirra reglugerða, sem settar verða samkvæmt þeim, skal lögreglustjóri skrásetja vagninn og afhenda eiganda merki, sem setja skal aftan á vagninn og má ekki taka af honum meðan hann er notaður. Verði eigendaskifti að bifreið, skal bæði hinn fyrri og hinn nýi eigandi tafarlaust tilkynna það lögreglustjóra. Flytjist bifreiðareigandi búferlum úr einu lögsagnarumdæmi í annað með bifreið sína, skal hann senda tilkynningu um flutninginn til lögreglustjóra beggja umdæmanna. Skal lögreglustjóri lögsagnarumdæmis þess, er hann flytst í, ákveða merki það, er bifreið hans þá skal hafa, og afhenda honum það.

Atvinnumálaráðherra löggildir skoðunarmann eða skoðunarmenn bifreiða fyrir Reykjavík, Gullbringu- og Kjósarsýslu, Árnessýslu og Rangárvallasýslu og er heimilt að löggilda skoðunarmann í hverju öðru umdæmi, þar sew bifreiðar ganga. Skulu skoðunarmenn vera reyndir bifreiðastjórar, er rjett bafa til að stýra leigu-bifreiðum til mannflutninga. Þeim skal skylt fyrirvaralaust öðru hverju, og ekki sjaldnar en einu sinni á ársfjórðungi hverjum, að skoða allar bifreiðar í umdæm-

inu og athuga ökuskírteini bifreiðarstjóra. Skoðunarovottorð bifreiðarinnar skal fest upp í henni, og áritar skoðunarmaður það eftir hverja skoðun. Í skoðunarovottorði skal ákveða, hversu margir farþegar megi vera í bifreið til mannflutninga. Bifreiðar-eigandi greiðir 10 kr. árlegt gjald fyrir skoðanir til lögreglustjóra, og gengur sú upphæð til skoðunarmanna, þar sem þeir eru, eftir reglum, sem atvinnumálaráðherra setur. Atvinnumálaráðherra gefur skoðunarmanni erindisbrjef, sem ákveður nánar um valdsvið hans og skyldur.

Þar sem ekki er löggiltur neinn skoðunarmaður bifreiða, getur lögreglustjóri, hve nær sem ástæða er til, látið fara fram nýja skoðun á bifreið á kostnað eiganda, og komi það þá í ljós, að hún fullnægi ekki lengur ákvæðum laga og reglugerða, getur hann bannað notkun bifreiðarinnar og tekið merki af henni:

2. Á eftir frvgr. kemur ný gr., sem verður 2. gr., svo hljóðandi:

Tölunum í 1. málsgr. 17. gr. laganna skal breyta svo:

Í staðinn fyrir »3000 kr.« komi: 10000 kr., í staðinn fyrir »1000 kr.« komi: 3500 kr., og í staðinn fyrir »1500 kr.« komi: 5000 kr.

Alþingi, 11. mars 1927.

Jörundur Brynjólfsson,
form.

Hjeðinn Valdimarsson,
frsm.

Jón Guðnason,
fundaskrifari.

Árni Jónsson.

Jón Kjartansson,
með fyrirvara.